

## 12. fundur stjórnar FSÍ, þriðjudaginn 3. mars 2015, A sal ÍSÍ í Laugardal

**Mættir eru:** Einar Ólafsson, varaformaður, Kristinn Arason, meðstjórnandi og Sunna Sigurðardóttir, gjaldkeri. Arnar Ólafsson, formaður og Kristín Ívarsdóttir, ritari boðuðu forföll.

Auk þess sátu fundinn eftirtaldir áheyrnafulltrúar, Eva Hrund Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri, Sólveig Jónsdóttir, sviðsstjóri landsliðsmála, Íris Svavarsdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og mótamála og Jón Finnbogason, formaður laganefndar.

Einar Ólafsson, setti fundinn kl. 19:40 og tók að sér fundarstjórn.

Engin mál voru til samþykktar, eingöngu voru send mál í málaflokkinn „Önnur mál“.

### Önnur mál

#### 1. Færsla milli þrepa

Varðar færslu á milli þrepa. Hvaða ferla erum við með til að athuga hvort það sé einhver sem má ekki keppa í viðkomandi þrepi, þ.e. keppi ekki aftur í sama þrepi?

Þetta hefur aldrei komið upp áður, hvað hefur verið gert? Við höfum hingað til treyst því að til okkar berist réttar upplýsingar.

Það þarf að brýna fyrir þjálfurum að iðkendur sem náð hafa þrepi, keppi ekki í sama þrepi aftur. Gæti tækninefndin tekið þetta á fundi með þjálfurum?

Hugmyndir eru uppi um að útbúa gagnagrunn sem mun vinna með skorkerfinu. Það er forritunarmál sem gæti tekið einhvern tíma.

#### 2. Staðan á skrifstofu

- Úrvalshópaæfingar.
- Evrópuleikar í Baku.
- Farastjóramál.
- Stöndum saman sem hreyfing!
- Siðareglur. Laganefnd vinnur þetta með stjórn.

Fundi slitið 20:50.

Næsti fundur þriðjudaginn 17. mars 2015.

Eva Hrund Gunnarsdóttir ritaði fundinn.